

96  
28. júlí

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 4 7. jan. 1955, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Húsavíkarkauptún, nr. 121 7. des. 1935.

### 1. gr.

Orðin „kol“ og „salt“, í 1. flokki vörugjaldskrár reglugerðarinnar, falli niður. Nýr flokkur, sem verður 16. flokkur, komi í vörugjaldskrána, á eftir 15. flokki, svo hljóðandi:

16. flokkur. Gjald kr. 1.25 fyrir hver 100 kg:  
Kol og salt.

### 2. gr.

14. flokkur vörugjaldskrár reglugerðarinnar orðist svo:  
14. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hver 100 kg:  
Lýsi, sundmagi, skreið, fiskroð, niðursoðinn fiskur, hraðfrystur fiskur, reyktur fiskur.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 28. júlí 1955.*

**Ólafur Thors.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

97  
28. júlí

## JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

fyrir Ræktunarsamband Seyðisfjarðar.

Ræktunarsamband Seyðisfjarðar gerir á grundvelli gildandi laga svofellda jarðræktarsamþykkt:

### 1. gr.

Samþykktin nær yfir félagssvæði Búnaðarfélags Seyðisfjarðarkaupstaðar og Búnaðarfélags Seyðisfjarðarhrepps innan Búnaðarsambands Austurlands.

### 2. gr.

Tilgangurinn með ræktunarsamþykktinni er:

1. Að ræsa fram land til hvers konar ræktunar eftir því sem nauðsyn krefur.
2. Að framkvæma sléttun túna, sem ekki eru þegar véltæk.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar.

Allt þetta skal framkvæmt eftir fyrirmælum hlutaðeigandi héraðsráðunautar. Tilgangi sínum hyggst sambandið að ná með því að afla sér nauðsynlegra véla og áhalda.